

Fundargerð Fagráðs 23. maí 2025

Mættir: Emil Lárus Sigurðsson, Oddný Eva Böðvarsdóttir, Sigríður Sía Jónsdóttir, Karólína Andrésdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Helga Gottfreðsdóttir, Nanna Sigríður Kristinsdóttir, Snorri Björnsson, Unnur Þóra Högnadóttir og Arna Þórdís Árnadóttir sem skrifar fundargerð. Forföll boðuðu: Örn Ragnarsson og Súsanna Ástvaldsdóttir.

- **Nýir meðlimir fagráðs kynna sig**
 - Oddný Eva Böðvarsdóttir kemur ný inn fyrir HVE. Hún starfar sem yfirhjúkrunarfræðingur í Borgarnesi.
 - Karólína Andrésdóttir kemur ný inn fyrir HSA. Hún starfar sem framkvæmdastjóri hjúkrunar HSA.
- **Hlutverk fagráðs**
 - Áhugi meðal forstöðumanns og starfsfólks ÞÍH að virkja fagráðið betur, víkka mögulega hlutverk þess skilgreina betur.
 - Áhugi fyrir því meðal fagráðs að skilgreina hlutverk betur og fyrir því að gefa fagráðinu meira vægi.
 - Stefnt á fundi 2var á ári, að vori og að hausti.
- **Óskað eftir leiðbeiningum fyrir ferðamannabólusetningar**
 - Ekki allar stofnanir gert samning við Upplýsingamiðstöð og væri gott að hafa leiðbeiningar um samræmdar leiðbeiningar um ferðamannabólusetningar á síðu ÞÍH. Forstöðumaður tók vel í það og það verður sett í framkvæmd.
- **Yfirlit yfir rannsóknir**
 - Óskað eftir betri yfirsýn yfir rannsóknir sem starfsfólk ÞÍH tekur þátt í.
 - Niðurstaðan sú að kallað verður eftir þeim upplýsingum og farið í vinnu að halda betur utan um rannsóknarvinnu starfsmanna ÞÍH og hafa þær upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu ÞÍH.
- **Sérnámi í heilsugæsluhjúkrun**
 - Sía kynnir sérnámi í heilsugæsluhjúkrun sem nú er orðið mastersnám. Byggir á diplómanámi sem var áður og voru 13 pláss auglýst. Umsóknarfrestur að renna út fyrir haustið, en tekið verður inn annað hvert ár.
 - Eygló Björg Helgadóttir hefur verið ráðin sem kennslustjóri tímabundið í 20% stöðu en vonast er eftir fjármagni í kennslustjórastöðu og að hún verði 50% til lengri tíma litið.
- **Fyrirhugaðar breytingar á sérnámi í heimilislækningum**
 - Áform um að færa umsjón með sérnámi í heimilislækningum yfir til LSH var kynnt.
 - Fundarmenn afar ósáttir við þau áform.
 - Ákveðið að fagráðið sendi ályktun til að mótmæla að sérnámið fari undir hatt Landspítala. Formanni falið að gera drög að slíkri ályktun og gengið verði frá ályktuninni í gegnum e-mail samskipti næstu daga.
- **HSS**
 - Voru að byggja nýja bráðamóttöku og eru með bráðalækni. Eru að vinna að því að fá bráða- og lyflækningadeildir metnar sem kennslustöðvar svo sérnámslæknar geti valið að vera þar í rótasjón í stað LSH.
 - Jafnframt er HSS fara að opna heilsugæslustöð í Suðurnesjabæ sem kallað hefur verið eftir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 14.30